

15.12.2008

Alþingi
Erindi nr. P 136/501
komudagur 15. 12. 2008

Efnahags- og skattanefnd.

209. mál.

Meðfylgjandi er enn ein útgáfan af umsögn Viðskiptaráðs við ofangreint þingmál. Ég biðst afsökunar á þessum hringlandahætti en athugasemdir þeirra sem við leituðum til hafa verði seinar að berast.

Viðbótin er þessi:

“Í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um það að álagning ÁTVR skuli leggjast á innkaupsverð vöru og í athugasemdum frumvarpsins segir að með innkaupsverði sé átt við að varan sé komin í vöruhús „með öllum kostnaði sem þá er fallinn á hana, þ.e. verð frá framleiðanda, flutningur, innflutningsgjöld og álagning heildsala.“ Ekki er að sjá á þessu að ÁTVR sé heimilt að taka áfengisgjaldið, þ.e. áfengisskattinn, með í útreikningi á innkaupsverði, en það hefur verið stundað hingað til af ÁTVR. Mikilvægt er að taka af öll tvímæli um þetta og kveða á um að undir innkaupsverð falli ekki álagt áfengisgjald skv. lögum um gjald af áfengi og tóbaki.

Það er afskaplega óeðlilegt og í reynd ólöglegt af hálfu ÁTVR að taka áfengisskattinn með þegar innkaupsverð er reiknað því með því er ÁTVR einfaldlega að hækka skattinn. Hvað ofangreint varðar vísast til 77. gr. stjórnarskrárinnar sem segir „Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.“

Viðskiptaráð leggur til að við 3. mgr. 2. gr. verði bætt málslið er kveður á um að ÁTVR sé óheimilt að reikna áfengisgjald inn í innkaupsverð vöru.“

Eins og þú sérð þá varðar athugasemdin grundvallarþætti þessa frumvarps og samræmi þess við stjórnarskrána. Það væri því afskaplega vel þegið ef þú gætir vakið athygli nefndarinnar á þessu sem allra fyrst.

kær kveðja / kind regards,

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur / General Counsel